

Fundargerð 108. fundar.

108. fundur framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins var haldinn á skrifstofu Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis, Garðatorgi 5 í Garðabæ kl. 14.30 þann 10. desember 2014.

Fundinn sátu, Árný Sigurðardóttir, Árni Davíðsson, Guðmundur H. Einarsson, Kristín Lóa Ólafsdóttir og Páll Stefánsson sem jafnframt ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Fundarefni:

1. Endurskoðun heilbrigðissamþykktar

Lagðar fram athugasemdir sem borist hafa Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) í framhaldi af auglýsingu um endurskoðun vatnsverndar.

Ábendingar sem bárust voru all margar og voru allar athugasemdir rýndar ítarlega.

Lagt fram minnisblað unnið af PS og KLÓ þar sem efnislega var tekið á þeim atriðum í umsögnum um tillögu að nýrri samþykkt er vörðuð beint einstakar greinar tillögunnar.

Almennt voru ábendingar er vörðuðu einstakar greinar í þá átt að herða frekar á ákvæðum um vatnsvernd þó sjónarhornin væru nokkuð breytileg. Framkvæmdastjórnin þakkar umsagnaraðilum fyrir framkomin erindi og þá vinnu sem þeir hafa lagt fram.

Framkvæmdastjórnin leggur til breytingar á nokkrum greinum í samþykktinni til kynningar fyrir stýrihóp SSH.

2. Önnur mál.

- a. HHK gerði grein fyrir erindi er barst um að nýta svæði Svifflugfélags Íslands á Sandskeiði tímabundið undir akstursbraut. Heilbrigðisnefnd synjaði erindinu með vísan til ákvæða 30. gr. samþykktar um verndarsvæði vatnsbóla nr. 636/1997 þar sem starfsemin samrýmist ekki landnotkun og þróun starfsemi á verndarsvæðum vatnsbóla
- b. HER gerði grein fyrir erindi sem barst þar sem óskað var eftir að fá að nýta bakteríufaga til rannsókna á líftíma veira í grunnvatni. Rannsókninni var ætlað að fara fram á vatnstökusvæði. Var erindinu hafnað.

Fundi var slitið kl. 16.40